

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. maí 1992 að telja um 1,7% frá því sem þær voru í apríl 1992.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. maí 1992.

Jón Sigurðsson.

Gudjón Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 313 2. júlí 1991 um aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði, sbr. breytingu nr. 414/1991.

1. gr.

Við 21. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. svohljóðandi:

Þegar seldur er allur fullvirðisréttur á tímabilinu frá 20. maí 1992 til 31. ágúst 1992 kaupir ríkissjóður fullvirðisrétt, sem bundinn er í leigusamningum við Framleiðnisjód landbúnaðarins fyrir kr. 450 á kg, en kr. 550 á kg fyrir allan annan fullvirðisrétt. Tilboð þetta gildir þó haldið sé eftir 10 ærgilda fullvirðisrétti. Förgunarbætur fyrir hverja á verða kr. 5.000. Framangreind verð miðast við lánskjaravísitölu í maí 1992 (3203 stig). Að öðru leyti gilda sömu ákvæði og í II. kafla reglugerðarinnar.

2. gr.

Á eftir 22. gr. reglugerðarinnar komi nýr kafli, sem verði VI. kafli og orðist svo:

VI. KAFLI**Seinni niðurfærsla.**

23. gr.

Niðurfærsla.

Miðað við 31. ágúst 1992 verður samanlagður fullvirðisréttur til framleiðslu sauðfjárafurða samkvæmt sérstakri fullvirðisréttarskrá 15. júlí 1991, sbr. 5. gr., að hafa minnkað í heildargreiðslumark verðlagsársins 1993-1994 að frádregnu greiðslumarki vegna heimtöku sem reiknað var skv. c-lið 2. gr. rg. nr. 87/1992 á grundvelli meðalheimtöku framleiðenda.

Sé því markmiði ekki náð með sölu til ríkissjóðs, sbr. II. og V. kafla, fyrri niðurfærslu, sbr. III. kafla, niðurfellingu, sbr. 25. gr. og beitingu ákvæða um forkaupsrétt, sbr. 19. gr., verður fullvirðisréttur færður niður 15. september 1992 um það sem á vantar.